Breyting á notkunarflokki í eðalvagn

Þjónusta eðalvagna er sérhæfður leiguakstur fólksbifreiða. Til eðalvagna teljast ökutæki sem geta flutt allt að 8 farþega og eru vegna stærðar, eiginleika og gæða, frábrugðin hefðbundnum ökutækjum um þægindi og þjónustu, svo sem með útbúnaði hægindasæta, skilrúma, veitinga-þjónustu eða öðru sambærilegu, t.d. auknu rými og íburðarmikilli innréttingu.

Ekki skal stunda almennan leiguakstur með eðalvögnum heldur aðeins nota þá til sérstakrar viðhafnarþjónustu. Eðalvagna má einungis nota til aksturs farþega gegn gjaldi samkvæmt fyrirfram gerðri pöntun á þjónustu þeirra. Eðalvagn skal ávallt leigja út með ökumanni og skal eðalvagn vera skráður í notkunarflokkinn „Eðalvagn“. Samgöngustofu er við sérstakar aðstæður heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum þessa ákvæðis.

Skoðun á skoðunarstöð

Áður en breyting á notkunarflokki í eðalvagn er tekin fyrir hjá Samgöngustofu skal ökutækið hafa verið fært til skoðunar á skoðunarstöð og bera skoðunarmiða í framrúðu ökutækisins sem gefur til kynna að um eðalvagn sé að ræða. Eðalvagna skal færa árlega til aðalskoðunar sem og eðalvagnaskoðunar þar sem skilyrði til eðalvagns skulu skoðuð að nýju.

Ferli hjá Samgöngustofu

Þegar skráningarform breytingaeyðublaðsins *US.111* kemur inn til þjónustudeildar, frá skoðunarstofu, tekur starfsmaður Samgöngustofu við málinu til samþykktar eða höfnunar. Beiðni um breytingu á notkunarflokki skal afgreidd innan 5-7 virkra daga, eftir að öll fullnægjandi gögn hafa borist.

Þjónustudeild Samgöngustofu afgreiðir innsendar beiðnir og fer yfir hvort beiðnin uppfyllir neðangreindar kröfur sem gerðar eru til eðalvagna. **US.111 eðalvagnabreytingu skal hafnað ef eigandi bifreiðarinnar er ekki með eðalvagnaleyfi í gildi eða með umsókn í vinnslu.**

Samkvæmt reglugerð skal eðalvagn vera betur útbúin en hefðbundin fólksbifreið. Auknar kröfur eru því gerðar til slíkra ökutækja og skulu þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Ökutæki skal vera lúxusútgáfa, af stærstu gerð hvers markaðsflokks, frá framleiðanda.
- Ökutæki skal flokkast samkvæmt Evrópuskilgreiningum í F, J eða M markaðsflokka ökutækja í fullri stærð (Euro market F-segment, J-segment or M-segment passenger van).
- Ökutæki þarf að hafa að lágmarki 4 aðaldyr (dyr aftan á ökutæki teljast ekki sem aðaldyr).
- Ökutæki má ekki vera eldra en 8 ára og er það frá fyrstu skráningu þess.
- Ökutæki skal búið leðurinnréttingu.

- Ökutæki með stök sæti skulu hafa armhvílu.
- Ökutæki skal vera með skyggðar rúður í farþegarými fyrir aftan ökumann.

Niðurfellanleg sæti í farangursrými eðalvagna teljast ekki uppfylla kröfur um eðalvagna og því óheimilt að nota þau við slíkan akstur.

Yfirlit yfir ökutæki sem hafa verið samþykkt sem eðalvagnar og uppfylla ofangreind skilyrði, má sjá í *töflu 1*:

Tegund	Undirtegund	Athugasemdir
Audi	A8	
BMW	7 Series	
Cadillac	Escalade	
Cadillac	XTS	
Chervolet	Suburban	
Ford	Expedition	
Ford	Tourneo Custom (með snúningssætum og borði)	Heimil sætaskipan 2+2+2 / 2+2+3
GMC	Yukon	
Hyundai	Starex (með snúnings-sætum og borði)	Heimil sætaskipan 2+2+2 / 2+2+3
Jaguar	XJ	
Land Rover	Discovery	Á ekki við um Discovery Sport
Lexus	LS	
Lexus	LX	
Lincoln	Navigator	
Maserati	Quattroporte	
Mercedes-Benz	EQS	
Mercedes-Benz	EQV (með snúnings- sætum og borði)	Heimil sætaskipan 2+2+2 / 2+2+3
Mercedes-Benz	GL-class	
Mercedes-Benz	GLS	
Mercedes-Benz	S-class	
Mercedes-Benz	V-class (með snúnings-sætum og borði)	Heimil sætaskipan 2+2+2 / 2+2+3
Mercedes-Benz	Viano (með snúnings- sætum og borði)	Heimil sætaskipan 2+2+2 / 2+2+3
Porsche	Panamera	
Range Rover	Autobiography	

Range Rover	HSE	
Range Rover	Sport	
Range Rover	Vogue	
Skoda	Superb	
Tesla	Model S	
Tesla	Model X	
Toyota	Land Cruiser 200	
Toyota	Proace Verso Active Plus (með snúningssætum og borði)	Heimil sætaskipan 2+2+2 / 2+2+3
Volvo	S90	
Volvo	V90	
VW	Caravelle (með snúnings-sætum og borði)	Heimil sætaskipan 2+2+2 / 2+2+3
VW	Multivan (með snúnings-sætum og borði)	Heimil sætaskipan 2+2+2 / 2+2+3

Tafla 1. Ökutæki sem samþykkt eru sem eðalvagnar

- Ef ökutækið er á listanum yfir samþykkta eðalvagna ***(tafla 1)*** þá er beiðnin samþykkt án athugasemda.

- Ef ökutækið er ekki á lista yfir samþykkta eðalvagna þá skal skoða yfirlit yfir ökutæki ***(tafla 2)*** sem ekki hafa verið samþykkt sem eðalvagnar.

Yfirlit yfir ökutæki sem hafa ekki verið samþykkt sem eðalvagnar og uppfylla ekki ofangreind skilyrði, má sjá í töflu 2:

Tegund	Undirtegund	Athugasemdir
Audi	A6	Miðstærð af ökutæki
Audi	Q7	Miðstærð af ökutæki
BMW	5	Miðstærð af ökutæki
Cadillac	CTS	Miðstærð af ökutæki
Chrysler	300	Miðstærð af ökutæki
Chrysler	Town&Country	Miðstærð af ökutæki
Dodge	Caravan	Miðstærð af ökutæki
Ford	Mondeo	Miðstærð af ökutæki
Hyundai	I40	Miðstærð af ökutæki
Kia	Optima	Miðstærð af ökutæki
Lexus	GS	Miðstærð af ökutæki

Mercedes-Benz	C-class	Miðstærð af ökutæki
Mercedes-Benz	CLE	Miðstærð af ökutæki
Mercedes-Benz	E-class	Miðstærð af ökutæki
Mercedes-Benz	GLE	Miðstærð af ökutæki
Mercedes-Benz	Vito	Sendibifreið að upplagi
Mitsubishi	Pajero	Miðstærð af ökutæki
Opel	Insignia	Miðstærð af ökutæki
Porsche	Cayenne	Miðstærð af ökutæki
Renault	Talisman	Miðstærð af ökutæki
Toyota	Highlander	Miðstærð af ökutæki
Toyota	Land Cruiser 150	Miðstærð af ökutæki
Toyota	Proace	Sendibifreið að upplagi
Toyota	Sienna	Miðstærð af ökutæki
Volkswagen	Caddy	Miðstærð af ökutæki og sendibifreið að upplagi
Volkswagen	Passat	Miðstærð af ökutæki
Volkswagen	Touareg	Miðstærð af ökutæki
Volkswagen	Transporter	Sendibifreið að upplagi
Volvo	XC90	Miðstærð af ökutæki

Tafla 2. Ökutæki sem ekki eru samþykkt sem eðalvagnar

Ef ökutækið er á listanum yfir þau ökutæki sem ekki eru samþykkt sem eðalvagnar er beiðninni hafnað.

Umsókn um að ökutæki sé tekið til skoðunar af Tæknideild

Ef ökutæki er ekki listað upp í ***töflu 1 eða 2***, má umsækjandi óska eftir því að það sé tekið til skoðunar af Tæknideild og bætt við í ***töflu 1***.

Umsækjandi skal senda tölvupóst á okutaeki@samgongustofa.is með upplýsingum um að ökutækið uppfylli eftirfarandi skilyrði reglugerðar nr. 397/2003:

- Ökutæki skal vera lúxusútgáfa, af stærstu gerð hvers markaðsflokks, frá framleiðanda.
- Ökutæki skal flokkast samkvæmt Evrópuskilgreiningum í F, J eða M markaðsflokka ökutækja í fullri stærð (Euro market F-segment, J-segment or M-segment passenger van).
- Ökutæki þarf að hafa að lágmarki 4 aðaldyr (dyr aftan á ökutæki teljast ekki sem aðaldyr).
- Ökutæki má ekki vera eldra en 8 ára og er það frá fyrstu skráningu þess.

Breyting á notkunarflokki í eðalvagn

- Ökutæki skal búið leðurinnréttingu.
- Ökutæki með stök sæti skulu hafa armhvílu.
- Ökutæki skal vera með skyggðar rúður í farþegarými fyrir aftan ökumann.

Tæknideild Samgöngustofu skoðar og metur hvort ökutækið uppfyllir ofangreindar kröfur. Ef tilefni þykir til, þá fara starfsmenn tæknideildar til að skoða viðkomandi tegund ökutækis.

- Ef ökutækið uppfyllir ofantaldar kröfur, er því bætt í ***töflu 1***.
  - Ef ökutækinu er bætt við í ***töflu 1*** getur umsækjandi, í kjölfarið, farið með ökutækið í skoðun á skoðunarstöð og fengið það skráð sem eðalvagn, að því gefnu að eigandi ökutækisins sé með eðalvagnaleyfi í gildi eða umsókn í vinnslu hjá Samgöngustofu. Þá kemur inn ný umsókn til Samgöngustofu.

- Ef ökutækið uppfyllir ekki kröfurnar, er því bætt við í ***töflu 2*** af starfsmanni Tæknideildar.
- Umsækjanda skal kynnt um niðurstöðu Tæknideildar með tölvupósti.